

Aðalfundur Vatnsveitufélagsins SuðurFall mánudaginn 3. mars 2025 kl. 20:00 í gamla bókasafninu í Brautarholti.

Boðað var til aðalfundar mánudaginn 3. febrúar 2025 kl. 20:00 og þar sem einungis 17 félagar mættu á fundinn var honum frestað vegna þess að í samþykktum félagsins stendur að til þess að aðalfundur verði löglegur þarf minnst helmingur félagsmanna að sækja fundinn. Hafi tvisvar verið boðað til aðalfundar, vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Boðað var í annað sinn til aðalfundar mánudaginn 17. febrúar 2025 kl. 20:00 og þar sem einungis 7 félagar mættu á fundinn var honum frestað vegna þess að í samþykktum félagsins stendur að til þess að aðalfundur verði löglegur þarf minnst helmingur félagsmanna að sækja fundinn. Hafi tvisvar verið boðað til aðalfundar, vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Nú er því settur aðalfundur Vatnsveitufélagsins SuðurFall mánudaginn 3. mars 2025 kl. 20:00 sem er þriðja aðalfundarboðið og telst því fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Mætt eru:

Björgvin Skafti Bjarnason, Georg Kjartansson, Benedikt Kolbeinsson, Ásmundur Lárusson, Sigmar G Guðbjörnsson, Theodóra Svanhildardóttir, Hermann Þór Karlsson, Haraldur Þór Jónsson, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Kristján Guðmundsson, Jóhannes Eggertsson, Valgerður Auðunsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Sigfús Harðarson.

Samkvæmt samþykktum félagsins voru stofnendur félagsins 25 talsins ásamt því að teknir hafa verið löglega inn í félagið 17 nýir félagar samkvæmt fundargerðarbók. Löglegir félagsmenn eru því 42 talsins.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.

Fyrir hönd stjórnar fer Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, yfir stöðu vatnsveitunnar. Undanfarin áratug hefur lítið viðhald verið á veitunni, einungis gert við leka sem hafa komið upp og eru ýmsar úrbætur sem þurfa að eiga sér stað á komandi árum. Rekstur veitunnar hefur ekki verið í nægilega góðu horfi og mikilvægt að koma þeim málum í betri farveg.

2. Ársreikningur lagur fram.

Ársreikningur fyrir árið 2024 lagður fram og samþykktur.

3. Framkvæmdir framundan.

- a. Endurnýja þarf samninga um vatnstöku í Vörðufelli.
- b. Laga þarf til í lindum í Vörðufelli, endurskipuleggja og tengja þær lindir sem ekki virka lengur aftur inná vatnsveituna. Til að vel megi vera þarf að bora og steypa í sumum lindunum.

- c. Smíða þarf nýtt tengistykki milli tankanna og endurnýja teningarnar á milli tankanna.
- d. Leggja þarf nýjan stofn frá vatnsveitunni og niður í Brautarholt. Með þeirri lögn verður tryggt nægt vatn í Brautarholti, bæði fyrir núverandi byggð ásamt fyrirhugaðri byggð sem búið er að skipuleggja og úthluta lóðum fyrir. Nýja lögnin mun enda í tengibrunni í Brautarholti og við þá tengingu myndast hringtenging á öllu kerfinu, sem eykur öryggi allra notenda veitunnar.
- e. Samhliða nýjum stofni að Brautarholti þarf að endurnýja heimtaugar á alla bæi í Vorsabæ og Brúnavöllum.
- f. Leggja þarf nýja heimtaug í Borgarkot þar sem ekki hefur fundist leki á núverandi lögn og mun hagkvæmara að leggja nýja.
- g. Hnitsetja lagnir veitunnar.

4. Kosning um tillögu stjórnar um að óska eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur taki yfir rekstur Vatnsveitufélagsins SuðurFall.

Á fundi stjórnar Vatnsveitufélagsins SuðurFall fimmtudaginn 9. janúar samþykkti stjórn samhljóða eftifarandi bókun:

Núverandi stjórn telur að rekstri veitunnar til framtíðar sé betur kominn í höndum sveitarfélagsins. Stjórn leggur því til að á næsta aðalfundi verði lögð fram tillaga til samþykktar um að óska eftir því við Skeiða- og Gnúpverjahrepp að taka yfir veituna, allar eignir, skuldir, réttindi og skyldur félagsins. Með því móti verði tryggður betri rekstur á veitunni og að uppbyggin veitunnar til framtíðar sé tryggð.

Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu.

11 atkvæði voru greidd með tillögunni. Enginn félagsmaður greiðir atkvæði gegn tillögunni. Tillagan er því samþykkt samhljóða.

5. Kosning í stjórn og endurskoðendur (skoðunarmenn)

Lagt er til að ný stjórn verði:

Aðalmenn:

Haraldur Þór Jónsson (formaður)

Björgvin Skafti Bjarnason (gjaldkeri)

Georg Kjartansson (ritari)

Varamenn:

Benedikt Kolbeinsson

Þorgeir Vigfússon

Ásmundur Lárusson

Samþykkt samhljóða.

Lagt er til að skoðunarmenn verði:

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson og til vara verður Hermann Þór Karlsson.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 20:38

Undirritunarsíða

Georg Kjartansson

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Hermann Þór Karlsson

Benedikt Kolbeinsson

Guðjón Vigfússon

Ásmundur Lárusson

Björgvin Skafti Bjarnason